
Jarðgerð Moldarblöndunarinnar í Gufunesi

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 6. mars 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Moldarblönduninni – Gæðamold ehf um fyrirhugaða jarðgerð í Gufunesi, Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.15 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Jarðgerð Moldarblöndunarinnar – Gæðamoldar ehf í Gufunesi, Reykjavík. Fyrirspurn um matsskyldu, mars 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg með bréfi dags. 27.mars 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 26. mars 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. apríl 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirtækið hafi verið starfrækt í Gufunesi um nokkurt skeið á afmarkaðri 67.000 m² lóð. Starfsemin hafi verið í grunninn tvíþætt. Annars vegar hafi fyrirtækið tekið á móti mold úr húsgrunnum, látið hana standa og brjóta sig, harpað og blandað með vikursandi, skeljasandshrati, grasi, trjækurl og hrossataði. Unnið sé úr u.þ.b. 7.500 m³ af mold sem séu um 5.300 tonn. Hins vegar framleiði fyrirtækið um 600 – 700 m³ á ári sem samsvari um 420 - 490 tonnum. Til framleiðslu á moltunni sé notað gras um 50% - trjækurl um 30% og hrossatað um 20%. Moltan sé aðallega notuð til íblöndunar í mold en einnig notuð óblönduð sem áburður bæði í beð og grasflatir. Tún vottunarstofa hefur staðfest að moltan standist þær gæðakröfur að nota meggi hana við lífræna ræktun og hefur hún einnig verið efnagreind og skimuð fyrir þungmálum. Ekkert hefur komið fram sem bendir til óæskilegra efna í moltunni.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að framleiðsla á moltunni fari fram á þann hátt að grasið sé sett í múga og ofan á múgana sé sett trjækurl og hrossatað. Þar á eftir sé múgsnigill keyrður yfir garðann til að blanda honum saman og þá hefst hið eiginlega jarðgerðarferli. Eftir þetta byrjar að hitna í múganum og þegar kjarnhiti hans nái 65-70° hita sé múgsnigill keyrður yfir múgann og honum snúið. Þessu ferli sé viðhaldið í þrjú vikur og þegar hætti að hitna í moltunni sé henni mokað upp og hún geymd til notkunar árið eftir. Moltugerðin hefst í byrjun júní og er yfirleitt lokið um miðjan ágúst.



4 UMHVERFISÁHRIF

Sjón- og hljóðmengun

Fram kemur að starfsemi Moldarblöndunarinnar fari fram á vestasta hluta gömlu hauganna sem séu lokaðir af að mestu með háum mönum. Framleiðsla á moltunni fari fram á plani sem liggja næst vestast á lóðinni og sé afmarkað af moldarlagar fyrirtækisins. Hljóðmengun sé ekki mikil og bundinn við almennan vinnutíma og sé árstímabundin, frá maí og fram í október.

Lyktarmengun og meindýr

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að við hörfun og vinnslu á mold myndist hvorki lykt né sæki meindýr í moldina. Einungis lítilsháttar lyktarmyndun eigi sér stað við moltugerðina þegar moltumúgarnir hafi náð ákveðnum kjarnhita og verið sé að snúa þeim. Þegar það sé gert myndast gufa frá hitanum í moltunni sem hverfi eftir um klukkustund. Lyktin sem frá ferlinu kemur sé aðallega súrheyslykt þar sem um sé að ræða náttúruleg efni eins og gras, hrossaskít og trjáskurl.

Sammögnunaráhrif vegna annarra fyrirtækja í Gufunesi

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrir nokkru hafi farið af stað umræða um lyktarmengun sem bærast frá Gufunesi og óhjákvæmilega hafi Moldarblandan blandast inn í þá umræðu þar sem lykt berst frá allri jarðgerð. Hins vegar sé lyktin frá Moldarblönduninni annars eðlis heldur en sú lykt sem kvartað hafi verið mest undan. Í þessu samhengi ber að nefna að Íslenska Gámafélagið sé einnig að jarðgera úrgang og í miklu meira mæli en Moldarblandan. Gámafélagið noti einnig allt annað hráefni, heldur en Moldarblandan, þar sem þeirra íblöndunarefni séu að stærstum hluta matarleifar. Síðastliðið sumar hafi verkferlum verið breytt í kjölfar umræðu um lykt og moltumúgum snúið á nóttunni til þess að lágmarka lyktarmengun í moltugerð Moldarblöndunarinnar.

Í umsögn Reykjavíkurborgar er bent á að kvartað hafi verið undan vondri lykt frá starfsemi á Gufunesi en þar séu auk Moldarblöndunarinnar, Gámafélagið og Sorpa með aðstöðu. Öll þessi fyrirtæki starfa með úrgang sem geti valdið lyktarmengun. Bent hafi verið á að nauðsynlegt sé að skoða sammögnunaráhrif allrar þessarar starfsemi þegar kemur að lyktarmengun sem og að gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar séu til þess að draga úr líkum á lyktarmengun.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er bent á að undanfarin tvö ár hafi ítrekað borist kvartanir frá íbúum í nágrenninu vegna lyktarmengunar frá athafnasvæðinu á Gufunesi. Staðfest hafi verið að lyktarmengun hafi borist frá öllum þeim fyrirtækjum sem starfi á athafnasvæðinu á Gufunesi á einhverjum tímapunkti. Æskilegt sé að tillaga að aðgerðum liggja fyrir ef kvartanir vegna lyktarónæðis frá Moldarblönduninni séu staðfestar. Þá bendir Heilbrigðiseftirlitið á að starfsemin sé á óskipulögðu svæði, þar sem svæðið er ekki deiliskipulagt, og óvissa sé um hversu lengi hún getur haldið áfram á þessum stað sökum nýrra áhersla hvað varðar skipulag svæðisins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að lyktarmengun frá Moldarblönduninni sé óverulegur þáttur. Einnig verði að horfa til þess að ekki sé nýttur matarútgangur í moltuna og af þeim sökum sæki meindýr ekki í hana. Af þessum sökum er ekki talið líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Jafnframt bendir stofnunin á að jákvætt sé að nýta garðúrgang með þeim hætti sem hér sé gert, í stað urðunar.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, en ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.



6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða jarðgerð í Gufunesi þar sem 7.500 m³ af mold úr húsgrunnum er látin standa og brjóta sig, hörpuð og íblönduð moltu sem unnin er úr grasi, trjákurli og hrossaskít. Um er að ræða um 600–700 m³ moltu á ári. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.15 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli, staðsetning og eiginleikar áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar, s.s. stærð og umfangi, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndun, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig staðsetningu hennar svo sem landnotkun sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Eiginleika áhrifa framkvæmdar ber að skoða einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki er um umfangsmikla starfsemi að ræða en með hliðsjón af annarri starfsemi í Gufunesi, m.a. starfsemi Íslenska Gámafélagsins og Sorpu og sammögnunaráhrifum vegna lyktar með þeirri starfsemi er óljóst hversu mikill þáttur Moldarblöndunarinnar er sbr. ábendingar Reykjavíkurborgar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að að lyktarmengun sé óverulegur mengunarþáttur frá starfseminni m.a. þar sem ekki er nýttur matarútgangur í moltuna sem aftur leiðir til þess að meindýr munu ekki sækja í moltuna. Af þessum sökum telur stofnunin að starfsemi Moldarblöndunarinnar muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér. Skipulagsstofnun tekur undir undir með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur að æskilegt sé að tillaga að aðgerðum liggja fyrir ef kvartanir vegna lyktarónæðis frá Moldarblönduninni séu staðfestar.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. júní 2018.

Reykjavík, 8. maí 2018

Jakob Gunnarsson

Ómar Ingbórsson